

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

JÚLÍ 2020



7. tbl. 23. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Haga
vagninn
- Hofsvallagata 52 -



Stórframkvæmdir á Grandagarði

Byggja á 15 hús, alls um 42.000 fermetra undir fjölbreytta atvinnustarfsemi á Fiskislóð 22 til 30 við Gömlu höfnina í Reykjavík. Nýbyggingarnar eiga að verða tveggja til fjögurra hæða og koma í stað eldri húsa sem hafa meðal annars verið nýtt fyrir iðnað og til geymslu. Samþykkt var á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar fyrir skömmu að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi þess efnis en þær byggja á tillögum arkitektastofunnar ASK fyrir hönd félagsins Línbergs sem er lóðarhafi. Nánar er fjallað um málið á bls. 6.

TRÍÓ
PIZZUR MÁNADARINS
DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

S
Systrasamlagið
Netverslun: systrasamlagid.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Njóttu ferðalagsins

Stoppaðu við áður en þú heldur úr bænum

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

Góð þjónusta - Lágt verð



Tilboð
Bláber & Jarðarber

Melabúðin

 Sími 551-0224
melabudin.is

Sælkeraverslunin þín!

Grillkjötborðið

- bíður þín ...og allt meðlætið

Glæný fjallableikja

- frábær á grillið



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

7. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Vilja breyta hringtorgi við Ánanaust

- myndi auka byggingamöguleika við Alliance húsið



Alliance reiturinn við Grandagarð.

Fyrir liggur hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur erindi frá Plúsarkitektum um breytingu á deiliskipulagi Grandagarðs 2 öðru nafni Alliance reitnum þess efnis hvort hægt sé að stækka reitinn og auka með því möguleika til meiri bygginga en gert hefur verið ráð fyrir. Breytingin myndi kalla á breytingar á gatnamótum á svæðinu.

Í erindi sem Plús arkitektar hafa sent Reykjavíkurborg segir m.a. að með nýrri útfærslu gatnamótanna megi stækka lóðina úr 4000 fermetrum í allt að 6.200 fermetra sem þýðir að byggja mætti um 3.500 fermetra umfram það sem leyfilegt er nú. Þá segir einnig að ný gatnamót á mótum Ánanausts, Fiskislóðar, Mýrargötu og Grandagarðs séu tímabær og yrðu samgöngubót fyrir þá sem kjósa að fara um gangandi eða á reiðhjólum. Fyrir liggur tillaga Mannvits að breyttum gatnamótum og vísa Plús arkitektar í hana í fyrirspurn sinni en ekki liggur

á minnsta kosti ekki enn sem komið er hvernig sú hugmynd verður útfærð. Útfærslan krefst samvinnu Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Faxaflóahafna auk þess sem fleiri hagsmunaaðilar þurfa að samþykka breytingar sem gerðar verða á lóðamörkum og öðrum atriðum em málið varða. Fyrirspurnin var tekin til umfjöllunar á fundi skipulagsfulltrúa fyrir skömmu þar sem kom fram að borgaryfirvöld séu jákvæð gagnvart breytingum á þessum gatnamótum. Sjálf Alliance húsið er fríðað og talið hafa mikið byggingasögulegt gildi. Hugmyndir hafa verið um að byggja á Alliance lóðinni húsnæði fyrir íbúðir, gistingar verslanir og aðra þjónustu en ekki hefur orðið af þeim til þessa. Eignin er nú í eigu félagsins Skipan. Að Skipan standa Gísli Hauksson fyrrum forstjóri Gamma, Arnar Hauksson húsnæðisráðgjafi og Guðmundur Kristján Jónsson borgarskipulagsfræðingur.

Breytinga er þörf

Á Bræðraborgarstíg 1 bjó á annan tug fólks í leiguherbergjum í forsköluðu timburhúsi. Engar útgönguleiðir voru úr húsinu aðrar en einn inngangur. Þegar hann lokist vegna íkveikju að talið er brann fólk inni eða fórst við að koma sér út. Einn íbúi sem slapp út sagðist greiða 80 þúsund í leigu á mánuði fyrir herbergi með aðgang að eldhúsi og salerni sem allt að 15 manns nýttu. Útborguð laun sagði hann vera 160 þúsund á mánuði. Eru þetta aðstæður sem erlent verkafólk býr við í íslenska velferðarlandinu.

Þetta ástand hefur þrífist hér á landi um allnokkra hríð. Einkum eftir að atvinnulíf tók við sér að nýju eftir bankahrunið 2008. Fólk frá öðrum löndum hefur í auknum mæli sóst eftir að koma hingað til starfa í von um betri kjör en bjóðast í heimalöndum þess. Einkum við byggingaiðnað og ferðaþjónustu.

Hluti þessa fólks hefur lenti í höndum óprúttinna aðila. Bæði aðila sem reka atvinnufyrirtæki og komast upp með að greiða laun langt undir kjarasamningum. Einnig leigusala sem bjóða fólki upp á aðstöðu eins og lýst hefur verið á Bræðraborgarstígnum.

Vænta verður að þessi harmleikur í Vesturbænum í Reykjavík verði til þess að uppræta brotastarfsemi á vinnumarkaði og að útleigustarfsemi sem uppvíst varð um á Bræðraborgarstíg nái ekki að þrífast. Viðkomandi ráðandi- og eftirlitsaðilar verða að ná saman um aðgerðir gegn því.

Er okkar velmegun byggð á starfsemi sem vart getur jafnast á við annað en þrælshald. Þetta er ekki spurning um pólitíska afstöðu. Þetta er spurning um mannréttindi og mannúð. Spurning sem stjórnvöld verða að svara. Breytinga er þörf.

Ákveðið að byggja við MR



Gamla skólahús Menntaskólans í Reykjavík.

Ákveðið hefur verið að byggja 2.600 fermetra viðbyggingu við Menntaskólann í Reykjavík. Skólinn er nú með starfsemi sína í tíu húsum á svokölluðum Menntaskólareit sem afmarkast af Þinghóltsstræti að Lækjargötu og Amtmannsstíg að Bókhöfðustíg. Til að rýma til fyrir nýja húsinu verður nýrri hluti hússins Casa Cristi rifinn, en það er fríðað að hluta. Fyrir aldarfjórðungi var haldin samkeppni um nýja byggingu við skólann en það hús var aldrei byggt.

Hluti húsnæðisins hentar illa nútíma kennsluháttum. Það stenst ekki kröfur um aðgengi.

Með nýbyggingunni er auk þess að rýmka um húsnæði ætlað að uppfylla skilyrði laga eins og til dæmis í sambandi við að hafa mótuneyti fyrir nemendur. Sal til þess að geta kallað nemendur saman og færanlegar kennslustofur auk þess að gera stjórnun skólans aðgengilegri en hún er núna í risinu í Gamla skóla. Elísabet Zimsen rektor segir að þetta sé stór áfangi í langri sögu skólans. Lengi hafi staðið til að byggja við hann. Einhvern veginn hafa menn alltaf heykt á því að fara í þessar framkvæmdir. Það sé að vissu leyti skiljanlegt því skólinn sé á viðkvæmu svæði.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI



HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO ROADY 350



Burðargeta allt að 50 kg
300 lítra **48.990 kr**

HAPRO ROADY 450



Burðargeta allt að 50 kg
420 lítra **59.990 kr**

HAPRO TRAXER 4.6



Burðargeta allt að 75 kg
370 lítra Svart **84.995 kr**

HAPRO TRAXER 6.6



Burðargeta Silfurgrátt **94.990 kr**
allt að 75 kg Steingrátt **94.990 kr**
410 lítra Svart **119.990 kr**

HAPRO TRAXER 8.6



Burðargeta Silfurgrátt **124.990 kr**
allt að 75 kg Svart **139.990 kr**
530 lítra

NORDRIVE 330



Burðargeta allt að 75 kg
330 lítra Svart **58.989 kr**

NORDRIVE 430



Burðargeta Silfur **53.499 kr**
allt að 75 kg Svart **74.990 kr**
430 lítra

NORDRIVE 530



Burðargeta Hvítt **79.889 kr**
allt að 75 kg Silfur **79.889 kr**
530 lítra Svart **92.169 kr**



Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Við þurfum að breyta hugarfarinu

- segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir mannréttindalögfræðingur hefur látið til sín taka á Alþingi eftir að hún settist á þig fyrir Pírata 2016. Sunna eins og hún er oft kölluð af vinum og vandamönnum er einarður talsmaður mannréttinda hvernig sem á þau er lítið og hefur talað og barist fyrir þeim á þingi sem annars staðar. Hún er einnig fjölmenningarsinni. Telur að við eigum að taka vel á móti fólki sem leitar hingað í von um betri lífskjör og auðveldara líf. Hún kveðst hafa fengið mannréttindaá hugann ung að árum og hann hafi meðal annars orðið til þess að hún leitaði sér náms í lögum í Hollandi en ekki í lögfræðideild Háskóla Íslands. Hún hefur starfað á þessum vettvangi bæði hér heima og erlendis áður en hún gerðist þingmaður. Vesturbæjarblaðið settist niður henni á Café Rósenberg á Vesturgötu 3 á dögnum.

„Ég er alin upp á ýmsum stöðum,“ segir Sunna þegar hún var innt eftir því hvaðan hún kæmi. „Móðir mín er Sigrún Guðmundsdóttir umhverfis- og auðlindafræðingur og faðir minn er Ævar Örn Jósepsson fréttamaður og rithöfundur. Foreldrar mínir fluttu til Þýskalands þegar ég var ung að aldri. Við bjuggum í Freiburg þangað til ég var sjö ára að við komum heim. Skólaganga mín hófst því þar. Ég byrjaði í Anne Frank skóla í Þýskalandi. Þetta varð til þess að ég varð talandi á þýsku sem barn. Eftir heimkomuna var ég í nokkrum skólum. Þar á meðal Valdorfsskóla. Leiðin lá síðan í framhaldsskóla en eftir það valdi ég mér aðra leið en flestir fóru.“ Sunna segist hafa verið búin að fá áhuga á mannréttindum og viljað velja sér námsefni sem félli að áhuga hennar. Ég hafði áhuga á mannréttindalögfræði en sú grein er ekki kennd við Háskóla Íslands. Hin hefðbundna lögfræði höfðaði ekki til mín. Mig langaði út í heim og ég vildi líka fá tækifæri til að undirbúa mig til þess að starfa að mannréttindum og efla þau. Ég hélt því til Þýskalands til þess að nema

þýska mannréttindalögfræði sem grunn. Námið féll þó ekki allskosta að því sem ég hafði átt von á svo ég ákvað að breyta til. Að leita fyrir mér annars staðar. Ég fór heim til að byrja með. Lenti þá í miðri búsáaldabyltingunni og upplifði það andrúmsloft sem henni fylgdi.“ Sunna lét þó ekki staðar munið við nám á þessum tíma til þess að snúa sér að stjórn-málum. „Ég var búin að ákveða að ljúka námi svo ég hélt utan á ný. Haustið 2009 fór ég til Hollands þaðan sem ég útskrifaðist með mastersgráðu í mannréttindum og alþjóðlegum refsirétti frá Háskólanum í Utrecht árið 2013. Að því búnu var ég við starfsnám hjá Alþjóðlega stríðsglæpadómstólum fyrir fyrrum Júgóslavíu.“

Fór að starfa með Pírötum

Svo fórstu að starfa með pírötum. „Ég fór að starfa með Pírötum þegar ég kom heim frá námi og störfum erlendis. Fór í prófkjör 2016 og var í öðru sæti á lista Pírata í suðvesturkjördæmi. Ég var komin á þing og átti þannig einhvern þátt í að sprengja ríkisstjórnina sem sat haustið 2017. Ég gaf aftur kost á mér og var þá oddviti listans í Reykjavík suður. Þessar kosningar báru að með skömmum fyrirvara og við höfðum lítinn tíma til þess að undirbúa okkur. Við fengum aðeins um sex vikur sem er skammur tími fyrir hreyfingu sem ekki var með smurða kosningavél til að ræsa með skömmum fyrirvara eins og gömlu flokkarnir. Píratar á Íslandi voru stofnaðir þann 24. nóvember 2012. Þeir byggja á hugmyndafræði Piratpartiet frá Svíþjóð sem Richard Falkvinge setti á fót í janúar 2006 vegna aðkallandi þarfar á lagaramma utan um höfundarrétt á Internetinu. Nú starfa Píratahreyfingar í meira en sextíu löndum. Áherslur eru mismunandi eftir þjóðum en ákall Pírata um gegnsæi í stjórnsýslu og verndun og eflingu borgaralegra réttinda er undirstaða Pírata um allan heim.“

Lærdómsríkur tími

Sunna segir þetta hafa verið



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og kærasti hennar Rafel Orpel sem er ættaður frá Póllandi. „Við ætluðum að vera búin að gifta okkur en það hefur dregist vegna COVID 19. Fjölskylda Rafael er ekki von flugferðum. Sumir væru að fara upp í flugvél í fyrsta skipti. Við viljum bíða og sjá hvort ekki verður auðveldara að fara á milli landa. Ekki ýta þeim í flug í óvissu,“ segir Sunna.

Ég hafði áhuga á mannréttindalögfræði en sú grein er ekki kennd við Háskóla Íslands. Hin hefðbundna lögfræði höfðaði ekki til mín eða að fara að starfa við innheimtur og önnur almenn lögmannstörf að námi loknu. Mig langaði út í heim og ég vildi líka fá tækifæri til að undirbúa mig til þess að starfa að mannréttindum og efla þau.

lærdómsríkan tíma. „Útkoman varð sú að það er ekki hægt að afneita okkur lengur eða halda því fram að ekki sé takandi mark á Pírötum eða því sem við erum að segja og gera eins og tilhneiging hefur verið hjá hinum stjórn málaöflunum. Við höfum verið gagnrýnin og vorum

stundum sökuð um að stunda óvönduð vinnubrögð. Við erum tekin alvarlega innan þingsins og út á við erum við töluvert stærri hópur en var í upphafi. Stefnumál okkar hafa ekki breyst mikið. Við erum með sömu áherslur og lagt var upp með og erum komin með breiðan og þéttan hóp

í framlinuna þar sem allir fá að tjá sig og njóta sinna hæfileika. Þessi nálgun okkar dregur fram fjölbreytta mannkosti Pírata. Við erum ekki alin upp í rótgrónum stofnum til að verða hluti af ákveðnu kerfi eins og hefur verið áberandi í stjórn málum hér á landi.“

Feldu neysluskammta-frumvarpið en eru þó sammála því

Talið berst að mannréttindamálum. Sunna segir að hér á landi vanti virðingu fyrir réttarríkinu og almennum mannréttindum borgaranna. „Það er ríkt í okkur að ganga að því gefnu að hlutirnir séu í lagi en við ræktum ekki garðinn okkar nægilega vel. Margir hópar búa ekki við mannréttindi. Þar get ég nefnt fólk sem stríðir við

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



Það er beinlínis komið illa fram við verkafólk af erlendum uppruna. Við erum nýbúin að horfa upp á brunann á Bræðraborgarstíg. Hann hefur vonandi opnað augu okkar fyrir þeirri stöðu sem margir útlendingar eru í. Við þurfum að breyta hugarfarinu.

geðræna sjúkdóma. Það vantar fjármuni til að sinna þeim málaflökki betur en gert er. Þá vil ég nefna fólk sem ánetjast hefur notkun fíkniefna. Afstaða stjórnarflokkanna kom best fram í því að fella frumvarp okkar Pírata um að afgangspæða neysluskammta fíkniefna þrátt fyrir að hafa lýst annarri afstöðu yfir. Stjórnarmeirihlutinn hefur dregið fram ýmsar afsakanir fyrir því að ekki hafi verið hægt að samþykka frumvarpið í núverandi mynd. Þetta á sérstaklega við um þingmenn og ráðherra VG og Sjálfstæðisflokksins, sem báðir hafa afgangspæðu á stefnuskrá sinni. Nefna þau helst málinu til foráttu að vantað hafi skilgreiningu á neysluskömmtum, að refsiréttarnefnd hafi ekki gefið umsögn um málið, að málið hafi ekki verið unnið í nægjanlega ríku samráði nú eða að ekki væri gert ráð fyrir eftirfylgni með afleiðingum þess að samþykka frumvarpið. Allt er þetta ýmist rangur eða mjög villandi málflutningur hjá stjórnarmeirihluta í afneitun. Síðast en ekki síst vil ég nefna fólk sem flutt hefur til landsins. Einkum fólk sem komið hefur hingað til að taka þátt í atvinnulífinu um tíma. Þessir hópar njóta ekki mannréttinda á borð við aðra í þjóðfélaginu. Þeim er mismunað vegna þeirrar stöðu sem þeir eru í. Það er

beinlínis komið illa fram við verkafólk af erlendum uppruna. Við erum nýbúin að horfa upp á brunann á Bræðraborgarstíg. Hann hefur vonandi opnað augu okkar fyrir þeirri stöðu sem margir útlendingar eru í. Við þurfum að breyta hugarfarinu. Það er mín skoðun að aftengja verði dómsmálaráðuneytið frá Sjálfstæðisflokknunum. Sá flokkur hefur stýrt því ráðuneyti með litlum undantekningum í gegnum tíðina og hefur sýnt viljaleysi í verki til þess að bæta stöðu innflytjenda að ég tali ekki um stöðu flóttafólks sem oft á tíðum nýtur ekki neinna mannréttinda.

Í frumvarpi að útlendingalögum er fremur stigið skref til baka en fram á við þegar um mannréttindi er að ræða.“

Pólítískir fangar í Rússlandi

Nú hefur Evrópuráðsþingið falið Sunnu að vinna skýrslu og þingsályktun um málefni pólitískra fanga í Rússlandi. Mannréttindasamtök telja að þar í landi séu um þrjú hundruð manns í haldi vegna skoðana sinna. Sunna segir að Pólítískur fangi teljist sá sem sé fangelsaður fyrir að hafa nýtt sér þau réttindi sem mannréttindasáttmáli Evrópu kveður á um, samkvæmt skilgreiningu Evrópuráðsins. Þau geti til dæmis tengst tjáningarfrelsi eða frelsi til að safnast saman. „Þegar yfirvöld brjóta á réttindum fólks fyrir það að, til dæmis segja hluti sem að valdhöfum mislíkar, að refs fólk fyrir að tjá sig á hátt sem að valdhöfum mislíkar, að þá er strax komin upp grunsemd um hvort um pólitískan fanga sé að ræða, það er að segja ef viðkomandi er settur í fangelsi fyrir skoðanir

sínar.“ Sunna hyggst ræða við ýmsa sérfræðinga í málaflöknum þegar hún fer að vinna skýrsluna. Hún hyggst fara til Rússlands í vettvangsferð í haust. Það ráðist þó af því hvernig staðan verði með tilliti til COVID-19

faraldursins sem enn er skæður í Rússlandi. Hún segir að skýrslur sem þessar á vegum Evrópuráðsþingsins séu unnar í miklu samstarfi við þau lönd sem eru til umfjöllunar. Ferðin sé því háð samvinnu við rússnesk stjórnvöld.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar
Við gömlu höfnina
reykjavikrost.is

Kjötkompaní

GRILLUM GRAND — Í ALLT — SUMMAR

Hafnarfirði & Grand a

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



kjotkompani

Um 45 þúsund fermetra byggingar fyrirhugaðar á Grandagarði

Verði tillögur að breyttu skipulagi sem nú hafa verið auglýstar fyrir Eiðisgranda að veruleika má gera ráð fyrir allt að 45 þúsund fermetra byggingum á Línbergsreitnum. Núverandi byggingar þar eru um 7.500 fermetrar. Svæðið sem um ræðir er á Grandagarði austan við Sjóminjasafnið. Með deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að starfsemi á svæðinu verði breytt úr „hafnsækinni starfsemi“ yfir í verslun, þjónustu og finlegri atvinnustarfsemi.

Páll Gunnlaugsson arkitekt hjá ASK arkitektum segir þessar hugmyndir í samræmi við þróun sjávarútvegs undanfarin misseri og þróun sambærilegra borga í Evrópu. Hafnarsvæðin séu orðin afar eftirsótt fyrir margskonar viðburði á sviði menningar og þjónustu auk hafnsækkinnar starfsemi. Markmiðið sé að svara aukinni eftirspurn eftir húsnæði til ýmiss konar nota á svæðinu. Páll segir að yfirbragð svæðisins muni taka mið af gangandi umferð og takmarkaðri þjónustuumferð. Skamtímahjólástæði verði staðsett nálægt inngöngum bygginga. Þá verði byggt bílastæðahús fyrir 300 bíla sem bæði verði ætlað starfsmönnum og almenningi.

Margvísleg starfsemi hefur þróast á svæðinu

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 er að finna tilteknar forsendur og markmið fyrir skipulag og uppbyggingu svæðisins. Í því er m.a. lögð áhersla á að hafnsækinni starfsemi verði sköpuð góð vaxtarskilyrði. Á svæðinu vesturhafnarinnar er að finna margháttada starfsemi tengda sjávarútvegi auk þess sem á undanförnum misserum hefur þróast þar fjölbreytt menningar- og þjónustustarfsemi sem fallið hefur að



Línbergsreitur eins og hann mun koma til með að líta út verði hinar nýju tillögur að veruleika.

framfíðarhugmyndum borgarinnar um skipulag svæðisins.

Vantar fjölbreytt framboð atvinnuhúsnæðis

Páll segir þessa breytingu á deiliskipulagi byggða á sjónarmiðum sem fram koma í aðalskipulagi borgarinnar. Við hluta Grandagarðs sé gert ráð fyrir fjölbreyttri

menningar- og þjónustustarfsemi og þróun á starfsemi og uppbyggingu á Örfiriseyjarsvæðinu. Stefna borgarinnar sé að fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun, skapandi greinar og sprotafyrirtæki blómstri í Reykjavík. Til þess þurfi fjölbreytt framboð atvinnuhúsnæðis og atvinnusvæða og hafa skapandi hverfi á Granda verið nefnt meðal vaxtarbrodda í því sambandi. Páll segir það mat

Faxaflóahafna sf. að hafa verði þá þróun sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi hér á landi undanfarin misseri til hliðsjónar við skipulag svæðisins og megi nefna starfsemi Sjávarklasans og ýmissa hátækniyrirtækja því til stuðnings. Þá er á svæðinu rekin einhver stærsta útgerð og fiskvinnsla á landinu og fiskmarkaður, ásamt fjölmörgum nýsköpunarfyrirtækjum í tengslum við sjávarútveg.



Götumyndir eins og arkitektar ASK arkitektar sjá þær fyrir sér.



OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga
11.30-18.00

Laugardaga
10.00-16.00

Sunnudaga
Lokað

Opnunartímin hefur breyst tímabundið!



Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46



APÓTEK

S: 414 4646

Gerðu
frábær
kaup!

SUMMAR ÚTSALA

**25%
afsláttur**
Öll hjól
(ekki rafmagns)



**25%
afsláttur**
Garðhús-
gögn

**25-
30%
afsláttur**
Öll grill



**20-
30%
afsláttur**
Háþrýstidælur



**25-
30%
afsláttur**
Sláttuvélar



**25%
afsláttur**
Barna-
bílstólar



- Rafmagns- og bensíngröðverkfæri -25-30% • Öll Damixa blöndunartæki -25% • Valin Grohe blöndunartæki -10-30%
- Öll Gjöco málning -20% • Salerni -25% • Baðkór -25% • Handlaugar -25% • Sturtubotnar -25% • Sturtuvinklar og -klefar -25%
- Stálvaskar -25% • Mottur og dreglar -25% • Baðfylgihlutir -25% • Baðinnréttingar -25% • Verkfæratöskur -20%
- Valinn Snickers vinnufatnaður -20-50% • Einhell ryksugur -20% • Járnhillur -20% • Tröppur og stigar -20-35%
- Verkfæraskápar -25% • Valin rafmagnsverkfæri -20-30% • Blá BOSCH verkfærasett -25%
- Cofra öryggisskór og stígvél -20-50% • Blóm, tré og runnar -30%-25% • Fræ -40%
- Ferðatöskur -40% • Leikföng (ekki trampólín) -25% • Endurvinnslutunnur -30%
- Blómapottar og garðskraut -30% • Öll glös -30% • Matar- og kaffistell -30%
- Kósývörur -30% • Silkiblóm -25% • Bílakerrur -20% • Garðhús -20%
- Tongrun bílavörur -20% • Motul bílavörur -30% • SONAX bílavörur -20%
- Emibig ljós -30%

og fleiri sértílað á byko.is

**BYKO
GRANDI**
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Fálkagata og Grímstaðaholt

Brauð búskapur leikarar og skáld

Peir riðu átján eins og gengur eftir miðjum Reykholtssdal með nýja hjálma, nýja skildi, nýja skó og troðinn mal.

Peir sungu frekt með fólkskuhljóðum: færur Snorra á heljarslóð, og vöktu alla upp á bænum, engum þótti ljóðin góð.

Peir fóru um allt og undir rúmin en engan Snorra fundu þó, hann bjó við Fálkagötu og gerði grín að þessu og skellihló.

Í þessum texta fjallar Magnús Þór Jónsson Megas um dauða Snorra Sturlusonar. Skilur lesandann eftir með spurning um framtíð hans. En af hverju lætur Megas hann búa við Fálkagötu fremur en á einhverjum öðrum stað. Hvaða tengingu má finna á milli Snorra Sturlusonar og Fálkagötu. Snorri var veginn 1241 en Megas birti þennan texta fyrst 1968 og gaf hann út á plötu nokkru síðar. En hver var það sem bjó við Fálkagötu og gat tengst við Snorra. Var það Halldór Kiljan Laxness. Megas féll fyrir Halldóri eins og poppstjörnu þegar hann las Gerplu í útvarpið. Þá var pilturinn ellefu ára gamall og las Kiljan af áfergu eftir það. A sinn hátt virðist Megas tengja þessa tvo helstu jöfra íslenskra bókmennta í texta sínum en Halldór átti íbúð við Fálkagötu.

Á forsíðu Tímans frá 23. október 1963 má lesa frétt sem hefst á fyrirsögninni "Grímstaðaholtið að Hollywood. Í fréttinni segir að það hafi heitið Grímstaðaholt fyrir nokkrum árum en nú séu sumir farnir að kalla það Hollywood eða Beverly Hill Reykjavíkur. Blaðið segir tíu leikara búa þar og einn bætist fljótlega í hópið. Rifjað er upp að Grímstaðaholtið hafi í eina tíð verið kallað Serkjahverfi og ekki þótt sérlega fint. Nú sé öldin önnur. Á þessum tíma bjuggu Gunnar Eyjólfsson, Jón Sigurbjörnsson, Þóra Friðriksdóttir, Helgi Skúlason og Helga Bachmann við Fálkagötu 19. Skammt frá við Dunhagann bjuggu Herdís Þorvaldsdóttir, Katrín Thors, Bryndís Pétursdóttir og Brynja Benediktsdóttir.



Fálkagata á Grímstaðaholti.

Þá var þess getið að Arndís Björnsdóttir hafi fest kaup á íbúð við Fálkagötu og væri væntanleg þangað. Einnig var þess getið að Gunnlaugur Scheving listmálari byggi við Fálkagötu og að Halldór Kiljan Laxness ætti íbúð þar sem væri dvalarstaður hans innan borgarmarkanna. Á mynd Guðjóns Einarssonar ljósmyndara sem fylgdi fréttinni má sjá húsalengjuna við Fálkagötu 17 til 21 og sum húsin voru þá nýbyggð.

Hætt við að nota fuglaheitin

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur segir að nafnið Fálkagata hafi komið til árið 1919 þegar gatan var lögð. Árið eftir hafi verið ákveðin fleiri fuglanöfn á götum sem þar áttu að koma. Nöfnin eins og Súlugata, Lundastræti, Lómmsgata, Smyrilsvegur, Arnargata, Þrastargata, Lóugata og Kjóstígur. Strax hafi komið fram mótmæli við nöfnunum Lómmsgata, Lundastræti og Kjóstígur. Þar hafi aðallega búið fátækt fólk og því talin hætta á að því þætti niðurlægjandi að búa við götur með þessum nöfnum. Yrði ef til

vill uppnefnt lómar, lundar og kjóar. Hin nöfnin urðu að veruleika en nú eru einungis eftir Fálkagata, Þrastargata og Arnargata. Fálkagata er á milli Arnargötu, Grímshaga, Tómasarhaga og Hjarðarhaga annars vegar og Dunhaga og Suðurgötu hins vegar.

Móholt varð Grímstaðaholt

Holtið sem kennt er við Grímstaði nefndist áður Móholt og dró nafn sitt af því að þar þurrkuðu Reykvíkingar mó sinn. Árið 1842 var fyrsta býlið reist á þessum slóðum. Þá kom Grímur Egilsson sér upp bæ og nefndi Grímstaði. Stóð hann þar sem vesturendi Fálkagötu er nú. Varð það til þess að farið var að kenna holtið við býlið. Fyrsta byggingarskeið á Grímstaðaholti er á árunum 1842 til 1918. Um aldamótin 1900 voru 20 tómhúsbylí á holtinu og um 90 íbúar. Í skýrslu um húsakönnun í Reykjavík frá árinu 2007 á svæði sem afmarkaðst af Tómasarhaga, Dunhaga, Grímshaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1 til 13 kemur fram að 80 hús standi á þessu svæði. Húsin hafi einkum

verið byggð á tveimur tímabilum. Á árunum 1919 til 1929 og hinsvegar á árunum 1950 til 1969. Hægt hafi á byggingaframkvæmdum eftir það um tíma en þær auknar nokkuð síðar.

Halldór kaupmaður og Eyjólfur sundkappi

Knattspyrnufélagið Þróttur var stofnað 5. ágúst 1949 í félagsheimili Ungmennafélags Grímstaðaholts sem var í herbragga við svonefnda Grímstaðavör við Ægisíðu. Stofnendur félagsins voru Halldór Sigurðsson kaupmaður og Eyjólfur Jónsson sundkappi og síðar lögreglu- maður. Voru stofnfélagar 37 talsins og fyrsti formaðurinn var kosinn Halldór Sigurðsson. Halldór er talin fyrirmynd að Tomma í bókum Einarssonar um Djöflaeyjuna. Þrátt fyrir að vera einungis knattspyrnufélag í fyrstu hafa Þróttar keppt í öðrum greinum í gegnum tíðina. Félagið var starfrækt í vesturbæ Reykjavíkur til ársins 1969 þegar því var úthlutað svæði inn í Sundum. Þar starfaði það til 1998 þegar því var formlega komið

fyrir í Laugardalnum þar sem það hefur aðsetur í dag.

Fiskur kýr kindur kartöflur rófur og rabbabari

Einn af stofnendum Þróttar og fyrsti markvörður þess var Ögmundur H. Stephensen. Ögmundur Jónsson fyrrum alþingismaður og ráðherra ritaði eftirmæli um frænda sinn Ögmund H. Stephensen frá Hólabrekku á Grímstaðaholti. Þar segir hann meðal annars frá fyrrnefndri Grímstaðavör þaðan sem á þeim tíma var róið til fiskjar af krafti en við Sundskálavörina litlu austar hafi unglungum verið kennt að synda í sjónum. Á flötunum í grennd við Þormódsstaði hafi hins vegar fiskur enn verið þurrkaður í miklum breiðum og í þessari hálf-gildingssveit, þar sem enn voru kýr og kindur hafi fólk komist nokkuð nærri til sjálfbærni með kartöflu- og rófurækt, rabbabara í gördum og berjum á runna-gróðri. Í vaskahúsum hafi verið saltfiskur í útvötnun.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Halldór Kiljan Laxness er trúlega þekktasti íbúi við Fálkagötu í gegnum tíðina. Hann átti íbúð við Fálkagötu 17 sem var dvalarstaður hans í borginni. Hér situr hann í stólum Eggið eftir Arne Jacobsen í stofunni að Fálkagötu 17.

Séra Sigurður Árni í Litlabæ

Eitt af þekktari húsum á Grímstaðaholti er Litlabær og stendur í dag við Tómasarhaga 16b. Húsið var byggt í nokkrum áföngum. Fyrsti hlutinn var reistur 1893 af Einari Gamalielssyni. Í júní árið 1896 seldi hann Halldóri Jónssyni bæinn ásamt meðfylgjandi lóð og kálgarði. Hann fékk síðan leyfi

26. júní 1909 til að byggja fjós og heyhús á lóðinni og stendur hlaðan enn. Nú er land Litlabæjar um 1400 fermetrar, sem er með því mesta í gamla hluta Reykjavíkur. Núverandi íbúar Litlabæjar eru Elín Sigrún Jónsdóttir og séra Sigurður Árni Þórðarson prestur í Hallgrímskirkju sem er barnabarn þeirra hjóna. Séra Sigurði segist svo frá. "Kristín, systir mín er mikil framkvæmdakona. Eftir jaðl,



Litlabær hús séra Sigurðar Árna og Elínar Sigrúnar Jónsdóttur.



Málverk af Grímstaðaholti eftir Nínu Tryggvadóttur.

jaml og fuður tókst henni að fá borgaryfirvöld til að samþykka að byggja mætti við steinbæinn, sem hún og gerði. Gunnar Bjarnason, völundur og smiður allra helstu tilgátuhúsa í landinu, var aðalsmiður og faðir hans, Bjarni Ólafsson, meistarinn. Með þeim var hópur af góðum mönnum að vinnu. Kristín bjó um tíma í húsinu ein. Skaftfellingar segja að tóftin afli trjána og þegar húsið var komið kom prinsinn, Öyvind Kjelsvik. Þau hófu búskap og fyrr en varði voru þau flutt til hans heimalands, Noregs. Við Elín keyptum húsið af þeim og bættum við það sumarið 2002. Enn var Gunnar yfirsmiður og synir fyrri smiða komu einnig við sögu. Litlabær er því þriggja alda hús, frá 19. 20. og 21. öldinni. Það hefur stækkað með nýjum kynslóðum. Um tíma bjuggu tólf manns í steinbænum. Þá var þröngt en nú er rúmt. En alltaf hefur öllum liðið vel í Litlabæ. Hér er gott að vera og gott að búa. Litlabær er friðað hús hið ytra og eigendur hafa reyndar ákveðna stefnu að ekkert brjóti á góðri minjaverndarstefnu og allar lagfæringar eru unnar í samráði við yfirvöld þeirra mála."

Nýbakað við Fálkagötu

Fálkagata var lengi þekk fyrir gott bakarí. Á þeim tíma sem bökunarmenningu hafði ekki að öllu leyti náð þeim þroska er síðar varð og fólk vant að borða hvítt franskbrauð og dökkt rúgbrauð mátti finna alls kyns brauðmeti í Björnsbakarí á Fálkagötunni. Ekki þótti tiltökumál að skjótast af horni Hagamels og Kaplaskjólsvegar út á Fálkagötu eftir brauðmeti á laugardagsmorgnum. Björnsbakarí á Fálkagötu 18 var lokað eftir áratuga starfsemi en um var að ræða þriðju verslunina á vegum Björnsbakarís sem hefur verið lokað á síðustu tveimur árum. Steinþór Jónsson, framkvæmdastjóri og eigandi

svo hefur það tíðkast að einkaþjálfarar ráðleggi fólki að hætta að borða brauð. Vandamálið er ekki brauðið enda borðum við minnsta brauðið í Evrópu hér á Íslandi. Fastakúnnar bakarísins munu eflaust syrgja missinn en enn eru tvær verslanir Björnsbakarís starfræktar, önnur á Hringbraut og hin á Seltjarnarnesi." Bakarí, myrkur og skáld geta orðið uppspetta að ýmsum hugrenningum. Jafnvel í einum og sama textanum eins og sjá má í ljóði eftir Jónu Kristjónu Hólmgeirsdóttur. Tæpast þarf langa íhugun til þess að sjá að uppspretta ljóðsins er á Fálkagötunni.

Það eru þrjúhundrað skref út í bakaríð

ég kaupi alltaf það sama karamellusnúð og kókómjólklýkt af hestaskít leggur yfir götuna þegar ég beygi fyrir hornið hellist myrkríð yfir svartur bíll keyrir framhjá með lík af skáldi innanborðs.

ALLT SEM SKIPTIR MÁLI!



Tryggðu grunninn! Fjölvitamín, meltingargerlar, lífsnauðsynlegar fitusýrur. Viridian eru eins hrein og virk og hægt er að hafa vítamín.



Allt fyrir heimaþega og að heiman jóga! Korkjógadýnur, kubbar, strappar, hjól, hugleiðslupúðar ofl.

Glóandi Guatemala cacao! Ný og nærandi vara í Systrasamlaginu.



Ný og spennandi möntrubönd Gleddu þig og þína.

Túrmerik latté. Stjarna Systrasamlagsins. Nú má líka fá til að gera heima.



Ayurveda dekur fyrir allar týpur! Fátt jafnast við Ayurveda fráðin þegar kemur að dekki og vellíðan. Wild Grace hefur fangað galdurinn fyrir allar líkams-, hugargerðir.



Laus staða hjúkrunarfræðings

Laus er staða hjúkrunarfræðings á nýlegu 40 rýma hjúkrunarheimili að Safnatröð 1, Seltjarnarnesi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. ágúst. Um er að ræða hlutavinnu, morgun, kvöld og helgavinnu.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar sími 864-4184.

Íslenskt hjúkrunarleyfi.

Sótt er um á heimasíðu: sunnuhlid.is

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Sjóvarnargarð og hjólastígur við Eiðsgranda



Þessi ljósmynd var tekin á Eiðsgranda árið 1975. Eins og sjá má hefur margt breyst á 45 árum. Loftlínurnar eru horfnar og annað hefur verið endurgert og byggt. Nú á að leggja framhald af hjólastíg sem liggur eftir Eiðsgranda frá Seltjarnarnesi að Boðagrandu að Ánanaustum. Tákn ennþá nýrri tíma.

Endurgera á sjóvarnargarða við Eiðsgranda á komandi hausti. Framkvæmdarsvæðið nær frá dælustöð að hringtorgi við Ánanaust. Á sama tíma er fyrirhugað að leggja framhald af hjólastíg sem liggur eftir Eiðsgranda frá Seltjarnarnesi að Boðagrandu að Ánanaustum.

Á meðan á framkvæmdunum stendur verður gangandi- og hjólandi vegfarendum beint framhjá framkvæmdasvæðinu um þennan nýja stíg en á svæðinu næst Ánanaustum mun það ekki nást með góðu móti sökum plássleysis. Vestan hringtorgs hefur Eiðsgrandi tvær akreinar og til stendur að nota aðra akreina undir hjáleið gangandi og hjólandi vegfaranda framhjá framkvæmdarsvæðinu á meðan unnið verður við endurgerð sjóvarnargarðsins næst Ánanaustum.

Nákvæmar dagsetningar á framkvæmdinni liggja ekki fyrir en verða tilkynntar síðar meir. Drög að svæðinu sem verður tekið undir hjáleiðina má sjá hér, með fyrirvara um að eiginleg hönnun á umferð á framkvæmdatíma liggur ekki fyrir.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Systrasamlagið

Netverslun:
systrasamlagid.is

GOLFNÁMSKEIÐ Á NESVELLINUM

Í ágúst fara af stað tvenns konar golfnámskeið á Nesvellinum, byrjendanámskeið og almennt golfnámskeið.

Byrjendanámskeiðið er tilvalið fyrir þá sem eru að byrja í golfi eða þá sem hafa ekki komist almennilega af stað. Farið verður yfir öll helstu grunnatriði golfsins.

Almenna námskeiðið er fyrir hinn almenna golfara. Farið verður í mismunandi viðfangsefni í hverjum tíma, t.d. brautarhögg, teighögg og stutta spilið.

Námskeiðin eru 1x í viku í 6 vikur og hefjast 13. og 16. ágúst. Hægt er að velja um fimmtudags- eða sunnudagsnámskeið. Verð: 28.500 kr. Innifalið er golfkennslan, æfingaboltar og golfkennslubókin GæðaGolf.

Golfkennari námskeiðanna er Steinn B. Gunnarsson.

Skráning og frekari upplýsingar á netfanginu: steinngunnars@gmail.com



YLUR

Viðburðateymi Tjarnarinnar

Í sumar hefur Fristundamiðstöðin Tjörn in samstarfi við Sumarborgin farið af stað með nýtt verkefni. Verkefnið ber nafnið YLUR og er viðburðateymi sem hefur í sumar haldið ýmsa viðburði.

Þar má nefna á borð við Borðtennismót á Bernhöftstorfu, úti jóga í miðbænum, Plöntumarkað á Káratorgi þar sem fólk gat fengið gefins fræ, blóm og jurtir, ratleik á Klambtratúni, riisa lautarferð

og margt fleira. Markmið verkefnisins er að fjölga samverustundum og styrkja félagslegt tengsl í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Síðast liðinn miðvikudag, 22. júlí hélt YLUR sundpartí í Sundhöll Reykjavíkur. Dj-Egill Spegill spilaði tónlist fyrir sundlaugargesti og Vöfluvagninn var á staðnum.

Myndirnar eru frá verkefni Tjarnarinnar sem nefnist Ylur.



Upprisa á Háskólasvæðinu

Tvær byggingar eru nú að rísa upp af grunnni á Háskólasvæðinu. Annars vegar er um að ræða Hús íslenskunnar en hins vegar íbúðakjarna við Gamla Garð.

Samningur um byggingu Húss íslenskunnar var undirritaður við ÍSTAK þann 30. ágúst sl. Allt frá því að gengið var frá samningnum hefur verið mikill gangur í framkvæmdunum á Melunum og er húsið tekið að rísa af grunnni. Á ýmsu hefur gengið við að koma þessu stóra byggingarverkefni af stað. Það var ekki fyrr en samningar náðust við Ístak að unnt var að blása til framkvæmda. Vegna langra tafa við að koma verkinu af stað voru gárungar farnir að kalla lóðina "Holu íslenskra fræða" en grunnur hússins hafði staðið opinn um árabil.

Stúdentabúðirnar sem eru að rísa á horni Suðurgötu og Hringbrautar afmarkast af þeim götum til norðurs og austurs og af Sæmundargötu til suðurs og vesturs. Lóðin er á eignarlandi Háskóla Íslands. Viðbygging við



Viðbygging við Gamla Garð verður þrjár hæðir

Gamla Garð verður þrjár hæðir og kjallara og tengist suðurgafli núverandi húss. Við það verður til nýr aðalinngangur að sameinuðum Gamla Garði og viðbyggingu frá Sæmundargötu eða Skeifunni svokölluðu. Gert er ráð fyrir að í viðbyggingunni

verði 70 ný stúdentaherbergi ásamt sameiginlegum eldhúsum, samkomurýmum og geymslum. Dreigið var til muna úr umfangi byggingarmagnsins frá fyrstu hugmyndum þannig að byggingar sem eru fyrir á svæðinu njóta sín áfram.

Tveir veitingastaðir í gamla Hressingarskálanum

Félagið Vivaldi hefur óskað eftir við Reykjavíkurborg að veiti leyfi fyrir tveimur veitingastöðum fyrir samtals 380 gesti í Austurstræti 20 eða gamla Hressingarskálanum. Húsið var auglýst sölu fyrir rúmu ári og er komið í eigu Vivaldi félags eigu Jóns von Tetzchner tölvufræðings og fjárfestis

Í minnisblaði Minjastofnunar Íslands, sem fylgir með beiðni Vivaldi, segir að húsið sé timburhús að stofni til frá árinu 1805 en friðað árið 1990. Árið 1862 var reist tvílyft viðbygging við austurenda hússins og á 20. öld voru gerðar miklar breytingar á ysta og innra borði vegna veitingareksturs undur nafni Hressingarskálans. Fyrirhuguð breyting á húsinu felst í því að fjarlægja nýlegar innréttingar og milliveggi. Sett verður upp úðarakerfi og húsið hólfað niður í aðskilin brunahólf fyrir veitingarekstur og samkomuhald. Ekki verða gerðar breytingar á ytra borði að svo stöddu en veggir og gluggar verða málaðir. Minjastofnun Íslands hefur veitt heimild til að fjarlægja seinni tíma innréttingar, klæðningar og milliveggi úr Austurstræti 20 vegna fyrirhugaðra breytinga. Óheimilt er hins vegar að



Austurstræti 20 þekktast undir heitinu Hressingarskállinn.

fjarlægja byggingarhluta sem ætla má að séu hluti af hinu upphaflega húsi. Austurstræti 20 var upphaflega flutt inn frá Svíþjóð. Það var reist árið 1805 fyrir sýslumann Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í marga áratugi þar á eftir bjuggu í húsinu fjölmargir embættismenn

landsins og fjölskyldur þeirra. Árið 1932 hófst í vesturendanum rekstur hins þekhta veitingahúss Hressingarskálans eða Hressó eins og hann var gjarnan kallaður í daglegu tali.

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**
Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

GÖNGUGREINING
Ertu með verki í ökklum, hnjám, mjöðmum eða bak? Bókaðu tíma á faeturtoqa.is eða í síma 55 77 100

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bæjarlind 4
Kringlan 3. hæð

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

Laugarnar í Reykjavík

Sumar samflot

Miðvikudagskvöld í sumar kl. 20–21

15. júlí	Sundhöll	Tónleikaflot með neðansjávartónlist
22. júlí	Árbæjarlaug	Flot með tónheilun
29. júlí	Vesturbæjarlaug	Vatnadans og flot
5. ágúst	Breiðholtslaug	Flot með jóga
15. ágúst	Vlströnd	Rósabað og samflot

FLOT HETTA www.itr.is

HAMBORGARA **Búllan**

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Melskælingar í safnaferð



Fjórðubekkingar bera vatn eins og gert var í Reykjavík í byrjun síðustu aldar.

Fjórði bekkur Melaskóla fór í safnaferð tengda Íslandi áður fyrr. Farið var á Árbæjarsafn sem er með safnfræðslu tengda verkefninu Íslandi áður fyrr og eru það störf barna í bændasamfélaginu.

Nemendur fengu tækifæri til þess að prófa nokkur störf tengt störfum barna áður fyrr eins og að sækja eldivið og bera vatn. Þeim fannst þetta mjög gaman að taka þátt í þessu og fengu aðeins meiri innsýn inn í verkefni barna í bændasamfélaginu.

Margbreytileg lokaverkefni í sjávarakademíunni



Nemendur og kennarar í sjávarakademíunni.

Kaffi með fiskikollageni, skartgripir úr hafinu, niðursoðinn þorskur og hreinsun hafsins voru meðal lokaverkefna nemenda á fyrsta námskeiði Sjávarakademíunnar sem lauk nýverið í Húsi sjávarklasans. Á námskeiðinu fór fram frumkvöðlaþjálfun og farið yfir stofnun fyrirtækja og vörubróun. Þá voru nemendur kynntir fyrir ýmsum frumkvöðlum og starfsemi þeirra og heimsóttu nemendur fyrirtæki, sem tengjast bláa hagkerfinu, á Suðurnesjum. Þá fólst lokaverkefni nemendanna í því að kynna viðskiptahugmynd fyrir dómnefnd akademíunnar.

Það sem er einstakt við nám Sjávarakademíunnar er ekki síst að nemendur stunda námið að mestu í Húsi sjávarklasans þar sem nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi er allt um lykandi. Námið er einnig hugsað á þann veg að kynna fyrir nemendum öll helstu tækifæri sem eru í bláa hagkerfinu hvort sem það er heilsu- og snyrtiefni úr hafinu, fiskeldi, þörungur, sjávarútvegur og tæknibúnaður svo eitthvað sé nefnt.

Lögð verður áhersla á kynningu á vörum og nýjum fyrirtækjum á hinum ýmsu sviðum sjávarútvegs og fiskeldis, allt frá vinnslu til vörubróunar, markaðssetningu og sölu.

Flugskýli Ernis fær að standa

Flugskýli flugfélagsins Ernis á Reykjavíkurflugvelli fær að standa. Áður höfðu komið fram hugmyndir um að skýlið yrði að víkja vegna áförmu um að minnka flugvallarsvæðið um hálfan hektara og sömuleiðis fyrri hugmynda um að vegur yrði lagður um svæðið þar sem skýlið stendur. Engin áform eru um að raska þessu skýli á meðan flugvöllurinn er í rekstri.

Borgarráð hefur nú samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Flugvallargirðing verður færð til austurs til móts við Nauthólsvík vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú. Flugskýlið umrædda í Skerjafirði á sér sögu. Frá skýlinu lá upphaflega dráttarbraut fyrir sjóflugvélar niður í sjó en ummerki um hana virðast horfin. Samkvæmt úttekt Borgarsögusafns Reykjavíkur voru aðalstöðvar Flugfélags Íslands um tíma í skýlinu, sem reisti það árið 1940 í stað eldra skýlis frá árinu 1938 sem brann í ágúst 1940. Sjóskýlið, eins og það var jafnan kallað, var síðan stækkað árið 1942 þegar bogaskýlinu var bætt við.



Flugskýlið hýsir nú viðgerða- og viðhaldsþjónustu flugfélagsins Ernis.




Einarsnesi 36 • 102 RVK

Opið alla daga 11-22

www.bikecave.is

Erum á facebook undir

Bike Cave Reykjavík og Hjólhéstur 



Jacek Pol er frá Pýskalandi og er með meistaraþróf í reiðhjólaviðgerðum og reiðhjólasmíði. Hann vinnur í samstarfi við Bike Cave og hægt er að koma með reiðhjól í viðgerð hjá honum. Hafðu samband við Jacek í síma 788-7616 eða með skilaboðum í gegnum Hjólhéstur á Facebook.

Þú kemur síðan með hjólið til okkar í Bike Cave og getur verið viss um að fá skjóta og fagmannlega þjónustu á sanngjörnu verði.

- Klippið út auglýsinguna og festið á ísskápinn -



Óskað er eftir góðu og áhugasömu starfsfólki í aðhlynningu

Ert þú jákvæður og þjónustulundaður einstaklingur. Ef svo er þá vantar okkur einstakling eins og þig í aðhlynningu og umönnun aldraðra íbúa á hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Um er að ræða vaktavinnu, með allt að 80% starfshlutfalli frá 15.08.2020 eða síðar. Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.

Sótt er um á heimasíðu: sunnuhlid.is

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LÍÐA VEL

LUR.IS

Dönsk
gæði

Lama®

Danskt handverk
síðan 1939



RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Öll sæti
og bak
stillanlegt



Brunstad
hvíldarstóll

BRUNSTAD
NORDISK DESIGN



ISABELLA hægingdasófi.
Sjá nánar á lur.is

Öll sæti
stillanleg



SITTING VISION
hvíldarstóllar

BUGATTI®
ITALY



Svefnsofar í miklu úrvali.

Stillanleg
rúm



Margar
stærðir



ERMES hægingdasófi. Sjá nánar á lur.is

Öll sæti
stillanleg



GRACE hægingdastóll

Stillanlegur
höfuðpúði



ORACOL tungusófi

CALIA
ITALIA

CALIA
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR
BETRI HVÍLD

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsdóttir Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Harmleikurinn á Bræðraborgarstíg

Vonandi verður betur fylgst með málum

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vinnur nú að því í samstarfi við byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit að skoða húsnæði þar sem mikill fjöldi fólks er skráður með lögheimili. Þessi vinna fór af stað eftir harmleik á Bræðraborgarstíg 1 þar sem þrennt lést í miklum eldsvoða þann 26. júní sl. þar af tvennt við að kasta sér út um glugga.

Rökstuddur grunur er um að um íkveikju hafi verið að ræða og raddir í Vesturbænum herma að bensínlykt hafi fundist frá inngangi hússins sem var eina útgönguleið þaðan. Tvennt kastaði sé út um glugga á efstu hæð hússins. Auk þeirra lést einn til viðbótar í brunanum. Hinir látnu voru Pólverjar. Fullorðinn karlmaður var handtekinn nokkru frá vettvangi skömmu síðar og hneptur í gæsluvarðhald. Talið er að eldsuþptök megi finna í vistarveru hans í húsinu. Alls voru 73 skráðir með lögheimili í húsinu sem er langtum fleiri en hægt væri að hýsa þar auk þess sem á annað hundrað manns eða 134 hafa verið skráðir til heimilis í næsta húsi við Bræðraborgarstíg 3 sem er á forræði sama aðila. Þar voru eftirlitsmenn á vegum slökkviliðsins, byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits að störfum á dögnum. Bæði húsin við Bræðraborgarstíg 1 og 3 eru í eigu HD verks ehf., sem er í alfarið eigu H2o ehf., sem er í eigu Kristins Jóns Gíslasonar. Aðrar eignir HD verks eru samkvæmt ársskýrslu frá 2018 við Kársnesbraut, Hjallabrekku og á Dalvegi í Kópavogi. Engin takmörk er að finna fyrir því hversu marga má skrá með lögheimili í sömu byggingum. Þjóðskrá Íslands tekur við skráningum án þess að leita eftir því hvar fólk býr raunverulega. Umboðsmaður Alpings hefur nú sent þjóðakrá fyrirspurnir um eftir hverju sé farið þegar fólk er skráð með lögheimili.

Engar reglur eða ekkert eftirlit

Í uppsveiflu undanfarinna ára hefur fólk frá öðrum löndum sótt hingað til lands til þess að vinna fyrir hærri launum en það á kost á í heimalöndum sínum. Einkum er



Brunarústir hússins á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu. Alls voru 73 skráðir til heimilis í húsinu. Í húsinu til hliðar við Bræðraborgarstíg 3 sem er mikið minna hús hafa 134 verið skráðir til heimilis að undanfögnu.

um að ræða fólk frá löndum Austur Evrópu en einnig fólk frá fjarlægari löndum Asíu. Flestir hafa komið frá Póllandi en einnig er að finna fólk frá Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og fleiri löndum. Fólk skráir sig oft hjá svokölluðum starfsmannaleigum sem síðan sjá um að útvega því vinnu eða leigja það atvinnurekendum stundum langt undir launum sem kjarasamningar kveða á um. Einhvers staðar þarf fólk að búa og því myndast tengsl á milli starfsmannaleiganna og aðila sem leigja erlendum aðilum húsnæði. Oft er um að ræða húsnæði sem vart getur talist til mannaþustaða, iðnaðarhúsnæði og byggingar er njóta einskis viðhalds og enginn virðist hafa eftirlit með því í hverskonar ástandi eru. Spyrja má hvar byggingaefirlit sveitarfélaga sé. Bygginganeindir og byggingarfulltrúar hafa yfirleitt öflugt eftirlit með byggingum og setja jafnvel út á smáatriði í krafti reglugerða. En þegar kemur að búsetumálum erlendis verkalífs virðast engar reglur eða eftirlit vera til staðar eða ekki farið eftir þeim.

Efling hefur afskipti

Eftir fyrstu skoðun er talið að gerðar hafi verið breytingar á húsnæðinu við Bræðraborgarstíg 1 sem ekkert samþykkt hafi verið

fyrir og hafi þær ef til vill aukið líkur á að eldur gat breiðst út. Margir þeirra aðkomnu aðila sem bjuggu á Bræðraborgarstíg 1 eru félagsmenn í Eflingu. Þar á meðal tvö þeirra sem létust. Efling hefur gagnrýnt harðlega aðbúnað fólksins á Bræðraborgarstíg 1 og segir að fólkið hafi lent í gildru einstaklings sem leigði þeim hættulegt húsnæði í óboðlegu umhverfi. Magdalena Kwiatkowska, starfsmaður Eflingar, sagði í viðtali við Stundina að íbúar hússins á Bræðraborgarstíg 1, sem brann 25. júní síðastliðinn, hafa fengið rúkkun fyrir leigu vegna júlímánaðar þótt húsið sé brunarústir einar. Ekki hefur fengist staðfest hver hafi staðið að rúkkuninni.

Vonandi fyrsta skref

Ætla má harmleikurinn á Bræðraborgarstíg verði til þess að betur verði fylgst með hvort fólk og hvað fólk býr í húsnæði sem ekki er til þess talið hæft og hvort skrá megi óendanlegan fjölda af fólki með lögheimili í húsi sem á engan hátt getur rúmað það. Vonandi verður það skref sem slökkviliðsstjóri, byggingarfulltrúi og heilbrigðisfulltrúi hafa nú stigið aðeins upphafið að frekari aðgerðum.

Fer Listaháskólinn í Vatnsmýrina?

Frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins sem unnin var að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samráði við LHÍ hefur leitt í ljós að Vatnsmýri sé ákjósanlegasta staðsetningin fyrir sameinað framtíðarhúsnæði Listaháskólans. Guðrún Ingvarsdóttir forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins kynnti niðurstöðurnar fyrir fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, rektor og starfsfólki LHÍ, Hollnemaðfélagi skólans og borgarstjóra á fundi í húsnæði skólans í Laugarnesi fyrir skömmu.

„Þessi niðurstaða markar ákveðin tímamót í mikilvægu verkefni. Það er tilgreint í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að unnið verði að lausn á húsnæðismálum Listaháskóla Íslands á kjörtímabilinu. Uppbygging framtíðaradstöðu Listaháskóla Íslands í Vatnsmýrinni í Reykjavík hefur marga kosti,“ er haft



Einn af fjórum stöðum þar sem starfsemi Listaháskólans fer fram er í húsnæði í Laugarnesi sem byggt var fyrir Sláturfélag Suðurlands á sínum tíma en SS nýtti aldrei. Ekki þykir vænlegt til frambúðar að hafa starfsemi skólans svo dreifða.

eftir Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra í tilkynningu frá skólanum.

Málið var tekið fyrir á fundi ríkisstjórnarinnar í síðustu viku og frumathugun er nú til

umfjöllunar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Listaháskólinn hefur glímt við húsnæðisvanda um árabíl en starfsemi hans er dreifð um fjögur húsnæði í tveimur póstrúmerum.

DRAUMUR FYRIR FÆTUR

Mjúkir höggdempanði heilsusandalar

OOFOS
feel the OO



Ótrúlega léttir

þægilegir í vinnuna



FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bæjarlind 4 Kringlan 3. hæð Sími: 5577100 faeturtoaga.is

KR stelpur á þæjumóti í Eyjum



Þessi glæsilegu 26 snillinga hnátuhópur úr KR lagði upp í langþráða þæjuferð til Eyja 10. júní sl. Markmiðið var að halda uppi merkjum KR með því að leggja sig fram og hafa gaman á einu stærsta stúlknamótinu í faðmi sjávarhamra undan suðurströndinni og stóðu þær sig með þryði á mótinu.

Nýr leikmaður til kvennaliðs KR

Knattspyrnudeild KR hefur samið við Angelu R. Beard frá Ástralíu um að leika með meistaraflokki kvenna út tímabilið 2020.

Angela, sem er 22 ára, er frá Brisbane í Ástralíu þar sem hún hóf sinn knattspyrnuferil hjá Brisbane Roar. Hún lék 29 meistaraflokksleiki með félaginu

frá 2014-2017 og gekk þá til liðs við Melbourne Victory og hefur leikið með þeim 21 í efstu deild Ástralíu. Þá hefur hún leikið með yngri landsliðum Ástralíu og verið í æfingahóp A-landsliðsins. Angela er að upplagi varnarmaður en getur einnig leyst aðrar stöður inn á vellinum.



Anglea R. Beard

www.kr.is

KÖRFUBOLTASTANDAR



San Jose
Verð: 66.700 kr.

Tucson
Verð: 36.300 kr.

pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu) - S: 568 3920 / 897 1715



www.kr.is









Gleðilegt sumar kæru nágrannar!

Þjóðminjasafn Íslands

Suðurgötu 41
101 Reykjavík

Opnunartímar
Virka daga 11:00 - 16:00
Helgar 12:00 - 16:00





EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI